

## Umhverfislistaverk í Búðardal

Mig langar til að viðra við umhverfis- og skipulagsnefnd hugmynd mína um umhverfislistaverk, sem fjalli um sögur Dalanna og liggi eftir endilangri Miðbrautinni frá Vesturbraut og að Leifsbúð, sem eru um það bil 500 metrar. Hugmyndin er að þetta sé refill, í anda miðalda, þar sem hægt er að lesa söguna eftir götunni.

Verkið verði þannig unnið að það sé málað á malbikið, svipað og það sem er kallað street art erlendis og þannig verði allur vegurinn þakinn listaverki. Þess háttar verk eru mikið aðdráttarafl erlendis, þar sem fólk kemur og tekur myndir og gerir sjálfst sig að hluta verksins. Má nefna innlenda dæmið Skólavörðustíg, sem er mjög algengt myndefni með regnbogafánanum.


Við forsvarskonur Eiríksstaða erum búnar að forma þessa hugmynd lítillga og munum halda hugmyndasmiðju um hana á Jörvagleði í vor, en viljum með þessu bréfi falast eftir álitum umhverfis- og skipulagsnefndar, varðandi þessi áform.

Okkur sýnist áformin ríma vel við nýja aðalskipulagið, þar sem Miðbraut er skilgreint miðsvæði, en þar er einnig 30km hámarkshraði og ágætis gangstéttar fyrir fólk að nota til að virða verkið fyrir sér.

Reflar eru útsaumsverk, en þeirra þekktarstur er Bayeux refillinn í Normandí í Frakklandi, sem fjallar um landvinninga Vilhjálms bastarðs á Englandi. Hann er um 70 metra langur.



Bayeux refillinn víðfrægi



Hér á landi hafa verið gerðir reflar eftir tveimur Íslendingasögum í nútímanum, annars vegar Njálssögu og hins vegar Vatnsdælasögu (enn í vinnslu). Báðir eru þeir algerlega hefðbundnir að gerð, með útsaumstækni og litum sem þekktust á landnámsöld. Okkar þekktasti forni refill er Marteinsklæðið frá Grenjaðastað (13. – 16. öld), sem er geymt í Louvre safninu í París.

Okkar hugmynd er að vinna verkið á nútímalegan hátt, með nútíma hráefnum og í nútímalitum, en segja sögu Laxdælu og Vínlandssagna. Okkar hugmynd er líka að virkja til framkvæmdarinnar ungt fólk í Dalabyggð (og jafnvel einnig utan), ekki síst til að gefa ungar Dalafólki kost á myndlistarupplifun.



Jóhanna á hugmyndina að gerð Vatnsdalsrefilsins og á mörg saumspor í honum. Þegar gerð hans lýkur sér hún hann fyrir sér á Þingeyrum þar sem Vatnsdæla var rituð. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON BRINK

## Endursegja söguna með útsaumi



### Njálurefill




## Road art

Dæmi um street art í nútímanum:

Black lifes matter í Harlem:



Philadelphia Pearl street Chinatown:



Gatnamót í Pittsburg:



Flatus:



